



2013 - 2017

Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar



Ábyrgðaraðili

Hulda Laxdal Hauksdóttir skólastjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um skólann.....	3
Mat á skólastarfi.....	4
Sjálfsmat	5
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats	6
Viðhorfskannanir	8
Mat í rýnihópum.....	9
Textagreining.....	9
Þróunaráætlanir/Umbótaáætlanir	9
Sjálfsmatsáætlun 2013 – 2017	10
Áætlun um sjálfsmat 2013 – 2017.....	11
Heimildir	12

Inngangur

Í þessari skýrslu er sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar. Í fyrsta hluta er sagt frá Grunnskóla Hornafjarðar. Síðan er fjallað almennt um mat á skólastarfi, hver sé tilgangurinn og lagalegar skyldur. Greint er frá markmiðum matsins, matstækinu *Gæðagreinar 2* lýst og gerð grein fyrir matsaðferðum, viðhorfskönnunum, rýnihópum og textagreiningu. Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárin 2013 - 2017 eru einnig gerð skil í þessari skýrslu.

Um skólann

Í Grunnskóla Hornafjarðar eru öll börn í Sveitarfélaginu Hornafirði úr Lónssveit í austri og Suðursveit í vestri. Á því tímabili sem þessi áætlun nær til verða nemendur skólans væntanlega á bilinu 250 – 270 börn. Börn sem búa í sveitunum og sækja skóla í Grunnskóla Hornafjarðar eru í daglegum skólaakstri. Starfsmenn Grunnskóla Hornafjarðar eru rúmlega 50, þar af fjórir skólastjórnendur. Skólaakstur er boðinn út og er nú á vegum Fallastakks ehf. Auk þessa er umsjónarmaður fasteigna sem heldur utan um allar fasteignir sveitarfélagsins ásamt öðrum verkefnum.

Grunnskóli Hornafjarðar var stofnaður 1. ágúst 2007 við sameiningu Nesjaskóla (1. til 3. bekkur), Hafnarskóla (4. til 7. bekkur) og Heppuskóla (8. til 10. bekkur). Í dag er kennt á tveimur starfsstöðvum, Hafnarskóla þar sem 1. til 6. bekkur eru til húsa og í Heppuskóla þar sem kennt er 7. til 10. bekk. Kennsla í myndmennt, smíði og textíl fer fram í Vöruhúsinu við Hafnarbraut og íþróttir og sund í Íþróttamiðstöð Hafnar. Tvær færanlegar kennslustofur eru við Hafnarskóla, þar fer fram kennsla í tónmennt og þar er heilsdags vistunin Kátakot til húsa. Matsalur þar sem fram er borinn matur fyrir alla nemendur skólans er í Hafnarskóla. Skólalóðir starfsstöðvanna liggja saman að íþróttasvæði bæjarins.

Í Grunnskóla Hornafjarðar hefur verið innleidd samskipta- og uppeldisstefnan *Uppeldi til ábyrgðar* og er unnið markvisst eftir henni. Þar er einnig unnið vettvangsnám tengt náttúru svæðisins í samstarfi við Ríki Vatnajökuls. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám og nýsköpunarstarf. Grunnskóli Hornafjarðar starfar sem heilsueflandi skóli og er grænánaskóli sem flaggaði fánanum í fyrsta skipti 8. maí 2014. Haustið 2013 var hafin spjaldtölvuvæðing í skólanum og er markmið hennar m.a. að nýta tæknina sem leið til að auka fjölbreytni kennsluhátta. Skóladagur hefst á öllum skólastigum kl. 8:10. Honum lýkur kl 13:30 hjá yngsta stigi, kl. 14:10 á miðstigi og kl 14:20 á unglíngastigi nema á fimmtudögum en þá lýkur skóla þar kl. 14:00.

Fyrirkomulag varðandi bekkir og kennara í skólanum er á þann veg að hver bekkur hefur umsjónarkennara, einn eða fleiri og fer fjöldi þeirra eftir stærð árganga en teymiskennsla hefur verið að aukast í skólanum á undanförunum árum. Sérgreinakennarar koma svo að kennslu hinna ýmsu greina. Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu er til húsa í Sindrabæ. Hann sér um tónlistarkennslu nemenda í 2. og 3. bekk innan skólans en allir nemendur í þeim

árgöngum læra á blokkflautu. Eldri nemendur sækja tónskóla í Sindrabæ og fer það nám ýmist fram á skólatíma eða eftir.

Námsmat skólans er fjölbreytt og byggir á lykilhæfni þeirri sem skilgreind er í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 auk mats í einstökum námsgreinum. Matið er unnið með hefðbundnum könnunum, verkefnum bæði í skólanum og heima, samvinnuverkefnum og ýmsu fleiru. Við annaskil vinna bæði nemendur og kennarar frammistöðumat og nota til þess *mentor.is*. Allir nemendur skólans fá í hendur ferilmöppu þar sem geymd eru ýmis verkefni hvers vetrar auk yfirlita um námsmat.

Grunnskóli Hornafjarðar hefur sína eigin skólanámskrá þar sem fram koma áherslur skólans, reglur, áætlanir og bekkjarnámskrár. Allt skólastarf er byggt á Aðalnámskrá grunnskóla og því eru bæði skólanámskrá og bekkjarnámskrár unnar út frá henni. Á hverju hausti er gefin út handbók sem hefur að geyma ýmsar gagnlegar upplýsingar um helstu þætti skólastarfsins s.s. skóladagatal og skólareglur (Grunnskóli Hornafjarðar, 2014).

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi hefur verið mikið í umræðu síðustu áratugina. Mat á skólastarfi tengist umræðu um gæði skólastarfs og er ein leið til umbóta í skólum. Með grunnskólalögum frá 1995 var mat á skólastarfi lögfest. Í 35. gr. nýrra grunnskólalaga er fjallað almennt um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs. Í 36. gr. er fjallað um innra mat skóla og þar kemur fram að hver grunnskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Þar segir að grunnskólar eigi að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Í grunnskólalögum er sagt að sveitarfélög eigi að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Skólum er í sjálfsvald sett hvaða aðferðum er beitt við sjálfsmatið (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Menntamálaráðuneytið gerir áætlanir til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd þessara laga og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. Menntamálaráðuneytið gaf út heftið *Sjálfsmat skóla* árið 1997. Þar kemur fram að tilgangurinn með sjálfsmati sé sá að miðla upplýsingum um skóla og stuðla að vexti og þróun innan þeirra. Í ritinu eru tilgreind þau atriði sem ráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum.

Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla og skilgreining á leiðum til þess að ná þeim. Sjálfsmat á að draga fram sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Megintilgangur sjálfsmatsins er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á

jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrám og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 1997).

Niðurstöðurnar sem koma fram við úrvinnslu gagna úr sjálfsmati skólans verða gerðar opinberar. Slíkt er forsenda aðhalds og að hægt sé að fylgja umbótum eftir. Þetta verður gert með kynningum í skólasamfélaginu og birtingu sjálfsmatsskýrslu sem verður aðgengileg á heimasíðu skólans. Engar upplýsingar á að vera hægt að rekja til tiltekinna einstaklinga. Umbótaáætlun er unnin samhliða gagnaöflun og umræðum um þá þætti sem skoðaðir eru hverju sinni.

Tilgangur sjálfsmatsins er því að gera skólasamfélaginu fært að skoða stöðu sína á markvissan og skipulagðan máta og komast þannig að því hvað er vel gert og hvað má gera betur. Sjálfsmat er því tæki til að gera góðan skóla betri og verður ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur er það lifandi ferli sem er í stöðugri vinnslu (Steinunn Helga Lárusdóttir 2002).

Sjálfsmat

Á vordögum 2013 fengu skólastjórnendur Grunnskóla Hornafjarðar kynningu frá Árskóla á Sauðárkróki á skoska sjálfsmatskerfinu *How Good Is Our School* sem ber heitið *Gæðagreinar* í íslenskri þýðingu. Þar sem þriggja ára sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar var að ljúka var ákveðið að nýta okkur skoska sjálfsmatskerfið við gerð nýrrar áætlunar. Starfsfólk Árskóla hefur byggt sjálfsmat sitt frá árinu 1999 á skoska sjálfsmatskerfinu en þá var matskerfið þýtt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Vorið 2010 leit dagsins ljós ný íslensk þýðing á þriðju útgáfu Skotanna af sjálfsmatskerfinu, *How good is our school 3, the journey to excellence* og nefnist sjálfsmatskerfið nú *Gæðagreinar 2*. Þýðendur voru þær Þóra Björk Jónsdóttir og Helga Harðardóttir. Allt efni, þýðingin, matsblöðin og ítarefni er aðgengilegt öllum áhugasömum og birt á vef skólans, notendum að kostnaðarlausu. *Gæðagreina 2* ásamt ítarefni má einnig nálgast á vef Grunnskóla Hornafjarðar. (Grunnskóli Hornafjarða, 2015).

Eins og áður segir var ákveðið að innleiða skoska sjálfsmatskerfið *Gæðagreinar 2* við sjálfsmat Grunnskóla Hornafjarðar. Haft var samband við Árskóla, Sauðárkróki og voru þeir tilbúnir til að leiðbeina við innleiðingu sjálfsmatsins og veita stuðning í öllu innleiðingarferlinu. Í upphafi var gert ráð fyrir að starfsmenn Árskóla kæmu til Hafnar í október 2013 en vegna ófyrirséðra aðstæðna komust þeir ekki til okkar fyrr en 8. janúar og hefur það sett mark sitt á sjálfsmatsvinnu vetrarins. Til að viðhafa sjálfsmat í þessari stöðu var ein foreldrakönnun lögð fyrir í nóvember með eldra sjálfsmatskerfi skólans (Skólamat). Haldið var áætlun varðandi skólapúlsinn og mat á niðurstöðum samræmdra prófa en mun færri gæðagreinar voru teknir fyrir en til stóð. Vegna þessa verður litið á skólaárið 2013 –

2014 sem innleiðingarár í sjálfsmati skólans og áætlunin lengd í fjögur ár og mun hún því ná yfir árin 2013 – 2017.

Sjálfsmatsvinna í gegnum Gæðagreina 2 er ein af grunnstoðum skólastarfs í Grunnskóla Hornafjarðar. Allir starfsmenn koma að matsvinnunni. Síðastliðin þrjú ár hafa nemendur frá 4. bekk og upp úr, foreldrar allra nemenda skólans og starfsmenn svarað matskönnunum eftir matskerfinu Skólamat – Outcome. Starfsmenn hafa síðan unnið saman í hópum að umbótaáætlunum er lúta að þeim þáttum sem fengu niðurstöðuna óásættanlegt í könnununum. Hefð er innan skólans fyrir sameiginlegri umræðu starfsfólks um ýmis málefni er varða skólastarfið og stefnu skólans og teljum við að auðvelt verði að innleiða *Gæðagreina 2* sem byggja m.a. á samtali þeirra sem matið vinna. Umræðuhefðin í skólanum er styrkleiki fyrir áframhaldandi vinnu við sjálfsmat skólans. Starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar metur skólastarfið samkvæmt *Gæðagreinum 2* og aðlagar þá eftir þörfum að skólastarfi í grunnskólanum. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að búa til nýja gæðagreina sem falla að skólastarfi Grunnskóla Hornafjarðar ef þörf er metin á slíku.

Nemendur í 6. – 10. bekk hafa tekið þátt í viðhorfskönnunum Skólapúlsins og nemendur í 4. – 10. bekk hafa einnig svarað viðhorfskönnunum í gegnum matstækið Skólamat - Outcome. Nemendur fá auk þess sérstaka kynningu á niðurstöðum þar sem þeir eru þátttakendur. Nemendur voru virkir þátttakendur í sjálfsmatsteymi skólans á síðasta tímabili, horfið verður frá því núna þar sem hlutverk þeirra þar var ekki að gefa þeim mikið.

Foreldrar munu áfram verða þátttakendur í viðhorfakönnun tengdri *Gæðagreinum 2* þó í minna mæli nú en áður. Foreldrar barna úr 2., 4., 7., og 10. bekk munu svara einni könnun á vetri auk þess sem fulltrúar foreldra í skólaráði eru umsagnaraðilar um sjálfsmatið og fá ítarlega kynningu á niðurstöðum þess.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólinn byggir sjálfsmat sitt á þessu matstímabili á Gæðagreinunum. Gerð er verkáætlun til fjögurra ára um þá þætti í skólastarfinu sem leggja á fyrir til mats. Áætlunin tekur því til lykilþáttanna 9 sem *Gæðagreinar 2* eru byggðir á auk þess sem gert er ráð fyrir að starfsfólk skólans búi til gæðagreina sem byggja á sérstöðu skólans. Sjá nánar um verkáætlunina í kaflanum áætlun um sjálfsmat 2013 – 2017 á bls. 11

Þegar skólastarfið er metið með aðferðum gæðagreinnanna er auðvelt að átta sig á hvar svaranna við lykilspurningum um skólastarf er að leita. Gæðaramminn gefur skýra mynd af því hvaða matsþætti þarf að taka til skoðunar í skólastarfinu þegar á þarf að halda. Annar styrkleiki matskerfisins er sá að auðvelt er að búa til nýja gæðagreina sem snúa að sérstöðu hvers skóla eða breyta viðmiðum um gæði í einstökum gæðagreinum til aðlögunar fyrir markmið skólastarfsins.

Í *Gæðagreinum 2* byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

1. Heildarárangur
2. Áhrif á nemendur
3. Áhrif á starfsfólk
4. Áhrif á samfélagið
5. Menntun
6. Stefnumótun og áætlanagerð
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk
8. Samvinna og búnaður
9. Forysta

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Hvernig stöndum við okkur?
2. Hvernig vitum við það?
3. Hvað gerum við næst?

Í Gæðagreinum 2 eru að auki settar fram sex lykilspurningar. Þessar mikilvægu spurningar eru grunnur að lykilþáttunum níu í þessari útgáfu Gæðagreinanna. Sé leitað svara við einni af þessum lykilspurningum er leiðbeint um hvaða þætti skólastarfsins þarf að skoða, skv. gæðagreinunum.

Lykilspurningarnar sex úr Gæðagreinum 2 eru eftirfarandi:

1. Hvaða árangri höfum við náð?
2. Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?
3. Hversu góða menntun veitum við?
4. Hversu góð er stjórnun skólans?
5. Hversu góð er forystan í skólanum?
6. Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?

Í Gæðagreinum 2 er einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1 - 6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 sem er **mjög gott** og einkunnina 2 sem er **slakt**. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem við kemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna til annarra.

Fulltrúar stjórnendur í matsteymi Grunnskóla Hornafjarðar hafa skoðað *Gæðagreina 2* og borði þá saman við það sem fram kemur í leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um innra mat grunnskóla (Björk Ólafsdóttir, ekkert ártal), í leiðbeiningum Íslenska matsfræðifélagsins um innra mat skóla (Sigurlína Davíðsdóttir o.fl. 2011) og í viðmiðum um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum sem unnið var fyrri Mennta- og

menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga (Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Jónsdóttir 2012). Mat þeirra er að *Gæðagreinar 2* eigi að ná yfir þá þætti sem skólum er ætlað að skoða í sjálfsmati sínu.

Framkvæmd matsins:

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Hver matshópur ígrundar atriðin sem koma fram á matseyðublaðinu og getur gefið einkunn fyrir hvern lið ef hann kýs svo. Það er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér að hverjum lið sé gefin einkunn heldur að hópurinn komi sér saman um heildareinkunn fyrir öll atriðin sem koma fram í gæðagreininum sem liggur fyrir til mats.

Í matsvinnunni er aðalatriðið að styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum séu dregnir fram og rökstuddir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti. Matshópurinn setur einnig fram sameiginlega sýn á mikilvægi þáttanna í gæðagreininum.

Á matsblaðið eru settar fram í stuttu máli tillögur um aðgerðir sem útfærðar eru nánar í þróunaráætlun sem unnin er í kjölfar mats. Í þróunaráætlun eru settar fram markmiðssettar umbótatillögur, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Einnig eru settar fram tillögur um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum Gæðagreinnanna í fjórum skrefum:

1. **Skilgreining lykilþátta**, undirþátta eða þema eftir því sem við á.
2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnina 2. Einkunnaskali frá 1 - 6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. **Greining sterkra og veikra þátta**, umsögn og einkunnagjöf.
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í þróunaráætlun eftir því sem við á.

Viðhorfskannanir

Til að gera kannanir á viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna er notast við spurningagrunn frá Árskóla og einnig nýtum við viðhorfskannanir *Skólamatsins* til hliðsjónar þegar ákveðið er hvaða spurningar verða lagðar fyrir.

Auk viðhorfskannana sem tengdar eru Gæðagreinum 2 er stuðst við *Skólapúlsinn* þar sem nemendur í 6. – 10. bekk svara spurningum um sig sjálfa og skólann. Starfsmenn og foreldrar

svara einnig könnun í *Skólapúlsinum*. Alltaf er sá möguleiki fyrir hendi að kanna betur þá þætti sem þurfa þykir. Skólaárið 2013 – 2014 og 2014 - 2015 var t.d. brugðist við neikvæðum niðurstöðum úr Skólapúlsinum varðandi einelti meðal nemenda með nánari könnun og verður því haldið áfram á meðan þurfa þykir. Stuðst er við vefverkfærið *Outcome* við fyrirlögn og úrvinnslu á viðhorfskönnunum. Til viðbótar því sem upp hefur verið talið þá vinna umsjónarkennarar með upplýsingar sem fram koma í tengslakönnunum og frammistöðumati nemenda á *mentor.is*.

Mat í rýnihópum

Uppeldi til ábyrgðar var innleitt sem uppeldis- og samskiptastefna skólans árið 2007. Innbyggt vinnuferli þess er sjálfsmat sem fer fram í rýnihópum. Slík vinna hefur verið unnin árlega frá upphafi og verður henni haldið áfram.

Haustið 2013 hófst spjaldtölvuvæðing grunnskólans. Þeir kennarar sem höfðu áhuga á að taka þátt í að innleiða spjaldtölvu í námi fengu i-Pad til eigin afnota og er þátttaka þeirra almenn. Rýnihópavinna verður á vordögum 2014 og er gert ráð fyrir að henni verði síðan haldið áfram eins og þurfa þykir.

Starfsmannaviðtöl eru tekin einu sinni á ári þar sem yfirmenn og starfsmenn fara yfir vetrarstarfið og mál sem starfsmenn vilja ræða og unnið að úrbótum út frá þeim þáttum sem þar koma fram.

Niðurstöður samræmdra prófa eru skoðaðar árlega og er að hluta notast við vinnu í rýnihópum við greiningu þeirra.

Textagreining

Hin ýmsu skráðu gögn skólans eru skoðuð og lagt mat á hvort í raun sé unnið eftir því sem skólinn hefur birt opinberlega. Má þar nefna skólanámskrá, starfsáætlun og bekkjarnámskrár. Einnig eru gögn um frammistöðu nemenda skoðuð s.s. margvíslegar kannanir og próf, skimanir á borð við Talnalykil og Logos og niðurstöður samræmdra prófa eru skoðaðar og birtar á heimasíðu skólans.

Þróunaráætlanir/Umbótaáætlanir

Samhliða sjálfsmatsvinnu með *Gæðagreina 2* vinnur hópurinn að þróunaráætlun þar sem koma fram sterkar og veikar hliðar í starfi skólans. Hver matshópur skráir niður þá þætti sem hópmeðlimir eru sammála um að séu mikilvægastir og koma enn fremur fram með tillögur að aðgerðum þar sem kemur fram hvað hægt er að gera. Í þróunaráætlun kemur einnig fram hver á að halda utan um og standa fyrir aðgerðum, hvenær skal ljúka þeim og hvað þarf til þess að hægt sé að koma þeim í verk og að lokum hvernig skal meta árangurinn.

Sjálfsmatsáætlun 2013 – 2017

Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar er til fjögurra ára, eins og fram hefur komið og hefur sjálfsmatsteymið ákveðið að taka skólaveturinn 2013 -2014 „út fyrir sviga“ vegna ófyrirséðra tafa á innleiðingu nýs matskerfis og er því skólaárið 2013 – 2014 skilgreint sem innleiðingarár. Sjálfsmatsteymið ber ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu innra mats.

Sjálfsmatsteymi 2014 – 2015

Eygló Illugadóttir, fulltrúi stjórnenda. Hún fer fyrir hópnum.

Hulda Laxdal Hauksdóttir, fulltrúi stjórnenda

Lena Hrönn Marteinsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Sunna Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Sjálfsmatsteymi 2013 – 2014

Eygló Illugadóttir, fulltrúi stjórnenda. Hún fer fyrir hópnum.

Ingibjörg Sveinsdóttir, fulltrúi starfsmanna

Hulda Laxdal Hauksdóttir, fulltrúi stjórnenda

Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir, fulltrúi starfsmanna.

Sjálfsmatsáætlunin nær eins og áður segir yfir fjögur ár og fylgir hún hér á eftir í töflu eitt. Taflan sýnir viðfangsefni sjálfsmatsins samkvæmt uppsetningu *Gæðagreina 2*. Auk þess eru þar tilgreindir aðrir matsþættir sem unnið er með í skólanum og greint hefur verið frá hér að framan

Áætlun um sjálfsmat 2013 - 2017

Í meðfylgjandi töflu (tafla 1) er yfirlit yfir fastar kannanir og skýrslur sem ráðgert er að vinna að í Grunnskóla Hornafjarðar á yfirstandandi sjálfsmatstímabili. Til viðbótar föstum könnunum er alltaf möguleiki á að bæta inn viðbótarkönnunum ef aðstæður krefjast þess.

Tafla 1

Skólaár	2013-2014	2014 - 2015	2015 - 2016	2016 - 2017
	<i>Ath. ár aðlögunar</i>			
Haustönn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldrakönnun samkvæmt eldra matskerfi ➤ Tengslakannanir 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldrakönnun ➤ Gæðagreinir 3 ➤ Þátttaka foreldra í mati á skólastarfi ➤ Skólapúlsinn ➤ Tengslakannanir 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldrakönnun ➤ Þátttaka foreldra í mati á skólastarfi ➤ Gæðagreinir 2 - starfsfólk ➤ Skólapúlsinn ➤ Tengslakannanir 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Foreldrakönnun ➤ Gæðagreinar 7 og 8 ➤ Þátttaka foreldra í mati á skólastarfi ➤ Skólapúlsinn ➤ Tengslakannanir
Vetrarönn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Kynning frá Árskóla á Gæðagreinum II ➤ Gæðagreinir 3 ➤ Starfsmannaviðtöl ➤ Samræmdu prófin könnuð með aðferðum gæðagreina 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Gæðagreinir 5 ➤ Þátttaka nemenda í mati á skólastarfi ➤ Starfsmannaviðtöl ➤ Skólapúlsinn ➤ Samræmdu prófin 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Gæðagreinir 4 ➤ Þátttaka nemenda í mati á skólastarfi ➤ Starfsmannaviðtöl ➤ Skólapúlsinn ➤ Samræmdu prófin 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Gæðagreinar 1 og 3 ➤ Þátttaka nemenda í mati á skólastarfi ➤ Starfsmannaviðtöl ➤ Skólapúlsinn ➤ Samræmdu prófin
Vorönn	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Gæðagreinir 5 ➤ Foreldrakönnun ➤ Nemendakönnun ➤ Starfsmannakönnun ➤ Tengslakannanir ➤ Viðhorfskönnun – Kátakot 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Nemendakönnun ➤ Gæðagreinir 6 ➤ Árleg skimun starfsfólks á gæðagreinum ➤ Skólapúlsinn ➤ Tengslakannanir ➤ Viðhorfskönnun – Kátakot ➤ Uppeldi til ábyrgðar 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Nemendakönnun ➤ Árleg skimun starfsfólks á gæðagreinum ➤ Skólapúlsinn ➤ Tengslakannanir ➤ Viðhorfskönnun – Kátakot ➤ Uppeldi til ábyrgðar 	<ul style="list-style-type: none"> ➤ Nemendakönnun ➤ Gæðagreinir 9 ➤ Árleg skimun starfsfólks á gæðagreinum ➤ Skólapúlsinn ➤ Tengslakannanir ➤ Viðhorfskönnun – Kátakot ➤ Uppeldi til ábyrgðar
Júní	➤ Sjálfsmatsskýrsla	➤ Sjálfsmatsskýrsla	➤ Sjálfsmatsskýrsla	➤ Sjálfsmatsskýrsla

Niðurstöður úr könnunum eru birtar á heimasíðu skólans í sjálfsmatsskýrslu.

Heimildir

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir (2012). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Sótt 15. maí 2014 frá

http://www.namsmat.is/vefur/ytra_mat_skola/grunnskoli/vidmid_visbendingum.pdf

Grunnskóli Hornafjarðar (e.d). Sótt 15. maí 2014 frá

<http://www.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolastarfid/namskra/>

Grunnskóli Hornafjarðar (e.d). Sótt 1. september 2014 frá

http://www.hornafjordur.is/media/haust-2014/starfsaaetlun_netutgafa.pdf

Grunnskóli Hornafjarðar (e.d). Sótt 15. janúar 2015 frá

<http://www.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/sjalfsmat/innra-mat/>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið (1997) *Sjálfsmat skóla. Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar*. Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Leiðbeiningar um innra mat skóla*. Sótt 15. maí 2014 frá

<http://eval.is/wp-content/uploads/2011/08/Lei%C3%B0beiningar-um-innra-mat-uppsett-loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf>

Steinunn Helga Lárusdóttir (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofa Kennaraháskóla Íslands.